

7. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, þriðjudaginn 4. ágúst 1964, kl. 15:00

Mættir á fundinn voru: Lúðvíg Hjálmtýsson formaður, Birgir Þorgilsson, Lárus Ottesen, Geir H. Zoëga, Íslaug Aðalsteinsdóttir, Ágúst Hafberg, Sigurjón Ragnarsson.

Fundarritari var Íslaug Aðalsteinsdóttir.

Formaður setti fundinn og skýrði frá því að honum hafi verið falið af ráðuneytinu að gefa því upplýsingar um þarfir ráðsins í sambandi við rekstur þess og skrifstofuhald, húsnæði, síma, frímerki, ferðalög, tímarit o.fl. Samþykkt var að fela formanni að undirbúa greinargerð um þetta mál og leggja fram næsta fund ráðsins.

Formaður hóf máls á því að fundarmenn mættu ekki nægilega stundvíslega til fundanna og lagði til að fundartíma yrði breytt. Samþykkt var að fundirnir yrðu framvegis haldnir á þriðjudögum kl. 15:30 í stað 15:00 eins og verið hefur, og mætist formaður eindregið til þess að fundarmenn mættu stundvíslega.

Formaður greindi frá því að enn væri fulltrúi sá í samgöngumálaráðuneytinu sem ætti að fjalla um reglur ferðamálasjóðs í sumarleyfi. Formaður taldi samt góðar líkur fyrir að bréf um þetta efni gæti legið fyrir næsta fundi.

Geir H. Zoëga bar fram tillögu þess efnis að Ferðamálaráð beitti sér fyrir því að bankarnir veittu ferðaskrifstofum gjaldeyri til að greiða gisti- og ferðakostnað erlendis fyrir farþega sem keyptu "Inclusive tour" ferðir þannig að viðskiptavinurinn gæti greitt allt ferðalagið í einu lagi í íslenskum krónum í staðinn fyrir eins og nú er, að verða að taka af þeim £ 100 sem veitt eru hverjum farþega til afgreiðslu á þessum kostnaði.

Það kom fram í umræðum um þetta mál að ýmsar ferðaskrifstofur hefðu stofnað til skulda erlendis vegna kostnaðar við "Inclusive Tour" ferðir og voru fundarmenn sammála um að mjög væri það alvarlegt mál ef ferðaskrifstofur stæðu í vanskilum við erlend fyrirtæki vegna erfiðleika á að fá gjaldeyri hjá bönkum fyrir skuldum.

Geir H. Zoëga lagði áherslu á að ef ekki fengist leyfi fyrir auknum gjaldeyri til ferðaskrifstofa að farið væri fram á að bankarnir veittu gjaldeyrisleyfi fyrir útistandandi skuldum. Geir álytur að samanlagðar skuldir ferðaskrifstofa erlendis séu innan við 100.000 íslenskar krónur.

Geir H. Zoëga bar einnig fram tillögu þess efnis að sérstakt ferðamannagengi yrði tekið upp og gerði fyrirspurn um það hvort Ferðamálaráð teldi sér fært að beita sér fyrir því máli við ríkisstjórnina.

Nokkrar umræður urðu um þessa tillögu sem lauk á þá leið að Geir H. Zoëga fór fram á að formaður ræddi þessi mál við viðkomandi ráðherra og ef þess væri nokkur kostur að fá lausn á þeim fyrir næsta vor 1965.

Formaður bar fram tillögu á þá leið að hann talaði óformlega við ráðherra Gylfa Þ. Gíslason um þessar tillögur og reyndi að fá samþykki hans fyrir því að nefnd yrði skipuð á vegum ráðsins til að ræða sérstaklega þessi mál og gera tillögur um þau. Tillaga formanns var samþykkt.

Birgir Þorgilsson kom fram með tillögu um að farið yrði fram á það við gistihúsin og fleiri aðila, sem veita erlendum mönnum þjónustu, að halda óbreyttu verðlagi. Taldi það vera betri lausn á vandanum ef framkvæmanlegt væri en að innleitt yrði ferðamannagengi. Samþykkt var að bera fram tillögu við Félag sérleyfishafa, Bifreiðastöð Íslands og Samband veitinga og gistihúsaeigenda þess efnis að kostnaður á þjónustu þeirra innanlands yrði ekki hækkaður frá því sem nú er.

Formaður fór fram á við fundarmenn að þeir kynntu sér byggingamál Ferðaskrifstofu Austurlands fyrir næsta fund, í trausti þess að reglugerð um lánveitingar lægi fyrir á þeim fundi.

Lárus Ottesen mælti með að lán til Ferðaskrifstofu Austurlands verði stutt af ráðinu, þó með því skilyrði að gistihúsið verði tilbúið fyrir einhvern ákveðinn tíma sem ráðið ákveður. Fleiri fundarmenn tóku í sama streng.

Fyrirspurn kom fram frá Lárusi Ottesen um afgreiðslu lánveitingar til veitingaskálans á Hvítárbrú.

Formaður las upp bréf sem hann í nafni Ferðamálaráðs skrifaði samgöngumálaráðuneytinu þar sem lánbeiðni Þorgeirs Péturssonar til Veitingaskálans á Hvítárbrú er synjað að svo stöddu.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 17:00.